

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 23.1.2019  
Tilvísun vor: 2018-215 / 07.02

**Efni: Tilkynning um framkvæmd vegna aflaukningar Sultartangastöðvar um allt að 8 MW til ákvörðunar um matsskyldu**

Með bréfi þessu tilkynnir Landsvirkjun til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, aflaukningu Sultartangastöðvar um allt að 8 MW. Í mati á umhverfisáhrifum fyrir Sultartangavirkjun var miðað við 125 MW virkjun og var virkjunarleyfi fyrir allt að 125 MW virkjun gefið út þann 12. mars 1997.


Landsvirkjun óskaði eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar með bréfi dagsettu 14. júlí 2017 vegna breytinga á vél- og rafbúnaði Sultartangastöðvar. Skipulagsstofnun svaraði erindi Landsvirkjunar þann 7. september 2017 og var niðurstaða stofnunarinnar að verkefnið falli undir tölulið 13.02 þar sem um er að ræða breytingar á framkvæmd sem þegar hafa verið leyfðar og sé því tilkynningarskyld til stofnunarinnar til ákvörðunar um matsskyldu.

Sultartangastöð er í Þjórsá um 15 km ofan við Búrfellsstöð. Nokkurt ójafnvægi er í rennsli á milli stöðvanna. Við stækkun Búrfellsstöðvar um 100 MW, sem nú þegar er komin í rekstur, eykst virkjað rennsli Búrfellsstöðvar úr 288 m<sup>3</sup>/s í um 380 m<sup>3</sup>/s. Virkjað rennsli Sultartangastöðvar er um 322 m<sup>3</sup>/s. Komi til þess að keyra þurfi Búrfellsstöð á fullum afköstum verður að hleypa vatni um farveg Þjórsár frá Sultartangalóni framhjá Sultartangastöð að inntaki Búrfellsstöðvar. Við það mun vatn renna óvirkjað framhjá Sultartangastöð verði ekkert að gert. Að vetri til geta skapast talsverð vandamál við slíkar aðstæður þar sem snjóalög og ís eru í farvegi sem geta valdið krapaflóði og erfiðleikum við inntak Búrfellsstöðvar og þar með rekstrartruflunum. Því telur Landsvirkjun mikilvægt að auka rennsli gegnum Sultartangastöð. Í heild fæst betri nýting á vatninu, rekstraröryggi beggja virkjana eykst þ.e. Búrfellsstöðvar og Sultartangastöðvar, sérstaklega að vetri til þegar farvegur Þjórsár er ísilagður.

Í ljósi framangreinds hefur Landsvirkjun látið skoða hvort mögulegt sé að auka rennsli í gegnum Sultartangastöð með því að gera lítils háttar breytingar á núverandi vél- og rafbúnaði. Niðurstaðan er sú að um sé að ræða raunhæfan valkost og við aukið rennsli mun afl virkjunar aukast um allt að 8 MW og orkuframleiðslan aukast um allt að 17 GWh/ári.

Með lögum nr. 74/1990 var gerð breyting á lögum nr. 60/1981 um raforkuver. Í breytingunum fólust heimildir fyrir Landsvirkjun til þess að reisa og reka Sultartangavirkjun með allt að 130 MW afli.

Með erindi dagsettu 3. mars 2017 óskaði Landsvirkjun eftir álit Orkustofnunar á því hvort tillögur um aflaukningu Sultartangastöðvar kalli á breytingu á virkjunarleyfi. Álit Orkustofnunar, lá fyrir 9. mars 2017 og er meðfylgjandi.




Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirhuguð aflaukning styður því við hlutverk Landsvirkjunar þar sem fyrirhuguð breyting byggir eingöngu á núverandi mannvirkjum og búnaði.

Landsvirkjun er verkkaupi og framkvæmdaraðili fyrirhugaðra breytinga á búnaði stöðvarinnar.

Athugasemdir skulu vinsamlegast sendar til Alberts Guðmundssonar, Landsvirkjun ([albert.gudmundsson@landsvirkjun.is](mailto:albert.gudmundsson@landsvirkjun.is)). Hann mun jafnframt svara fyrirspurnum óski Skipulagsstofnunar eftir frekari upplýsingum.

Virðingarfyllst,

  
Óli Grétar Blöndal Sveinsson  
framkvæmdastjóri

  
Guðlaugur Þórarinnsson  
forstöðumaður

Hjálagt:

Sultartangastöð- aflaukning. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu (LV-2018-074)